

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um liðskiptaaðgerðir.

Frá Berglindi Hörpu Svavarsdóttur.

- Hver hefur þróunin verið á fjölda á biðlista eftir liðskiptaaðgerð á síðustu fimm árum?
- Hver er heildarfjöldi þeirra sem eru nú á biðlista eftir liðskiptaaðgerð hér á landi?
- Hve margar liðskiptaaðgerðir hafa verið framkvæmdar í kjölfar samnings um 700 liðskiptaaðgerðir sem gerður var á milli Sjúkratrygginga Íslands og einkarekinna heilbrigðisfyrirtækja hér á landi í lok mars 2023?
- Telur ráðherra að samningsgerð við einkarekin heilbrigðisfyrirtæki sé mikilvæg stefna til framtíðar til að stytta biðlista eftir liðskiptaaðgerðum?
- Hver er munurinn á kostnaði við liðskiptaaðgerðir eftir því hvort þjónustan er veitt af Landspítala eða af einkareknum heilbrigðisfyrirtækjum hér á landi samkvæmt síðasta útboði?

Skriflegt svar óskast.